

stöðu samþykkja að gefa eftir. Lán með haldbærum tryggingum er ekki heimilt að gefa eftir.

Byggðastofnun skal annast reikningshald og innheimtu lána atvinnuþryggingardeildar Þróunarsjóðs vegna sjávarútvegsfyrirtækja eftir nánara samkomulagi við stjórn Þróunarsjóðs.

## 21. gr.

Stjórn Þróunarsjóðs fer með hlutabréf í eigu hlutafjárdeildar. Stjórninni er heimilt að selja hlutafé í eigu deildarinnar og skal það boðið til sölu a.m.k. einu sinni á ári. Skal starfsfólk og aðrir eigendur þess fyrirtækis sem í hlut á hverju sinni njóta forkaupsréttar. Hlutafjárdeild er óheimilt að kaupa ný hlutabréf. Deildinni er þó heimilt við samruna félaga eða skipti á hlutabréfum að taka við nýjum hlutabréfum sem samsvara fyrri hlutabréfaeign. Hlutdeildarskírteini deildarinnar skulu skráð á nafn og geta gengið kaupum og sölum. Hlutafjárdeild skal tilkynnt um eigendaskipti á hlutdeildarskírteinum.

## 22. gr.

Reglugerð þessi, sem sett er samkvæmt heimild í l. nr. 92/1994, um Þróunarsjóð sjávarútvegsins, öðlast þegar gildi.

Hafi umsókn um greiðslu úreldingarstyrks fiskiskips borist stjórn Hagræðingarsjóðs fyrir gildistöku laga nr. 92/1994 án þess að hljóta afgreiðslu skal stjórn Þróunarsjóðs afgreiða slíkar umsóknir í samræmi við ákvæði l. nr. 92/1994 um Þróunarsjóð sjávarútvegsins og reglugerðar þessarar.

*Sjávarútvegsráðuneytið, 20. júlí 1994.*

**Þorsteinn Pálsson.**

*Árni Kolbeinsson.*

Nr. 417

## REIKNINGUR

### Jöfnunarsjóðs sveitarfélaga fyrir árið 1993.

#### Rekstrarreikningur

#### Tekjur:

	Kr.
Ríkisframlag . . . . .	1.615.999.820
Landsútsvar . . . . .	621.740.215
Tekjur alls	2.237.740.035

#### Gjöld:

	Kr.
Bundin framlög . . . . .	812.559.265
Sérstök framlög . . . . .	641.880.110
Jöfnunarframlög . . . . .	892.124.195
Laun og launategnd gjöld . . . . .	3.617.809
Önnur rekstrargjöld . . . . .	4.033.379
Gjöld alls	2.354.214.758

Tekjur umfram gjöld án fjármunatekna

(116.474.723)

## Fjármunatekjur:

Vaxtatekjur .....	31.722.346
Vaxtagjöld .....	(5.767)
Fjármunatekjur alls	<u>31.716.579</u>
Tekjur umfram gjöld	<u>(84.758.144)</u>

## Efnahagsreikningur 31. desember.

## Eignir:

Veltufjármunir:	Kr.
Bankareikningur .....	124.819.812
Viðskiptakröfur .....	11.071.580
Óendurgr. virðisaukaskattur .....	2.207.009
Veltufjármunir alls	<u>138.098.401</u>
Eignir alls	<u>138.098.401</u>

## Skuldir og eigið fé:

Skammtímaskuldir:	Kr.
Viðskiptaskuldir .....	26.519.193
Ógreiddir skattar .....	0
Skammtímaskuldir alls	<u>26.519.193</u>

## Eiginfjárreikningur:

Eigið fé 01.01 .....	196.337.352
Endurmat .....	0
Rekstrarafkoma ársins .....	(84.758.144)
Eiginfjárreikningur alls	<u>111.579.208</u>
Skuldir og eigið fé alls	<u>138.098.401</u>

**Sjóðstreymi**

Framlag rekstrar:	Kr.
Rekstrarafkoma ársins skv. rekstrarreikningi . . . . .	(84.758.144)
Afskriftir . . . . .	0
	<hr/>
	(84.758.144)
<b>Breyting liða innan hreins veltufjár:</b>	
(Aukning) minnkun viðskiptakrafna . . . . .	(9.929.178)
(Aukning) minnkun fyrirfr. gr. skatta . . . . .	(2.177.966)
Aukning (minnkun) viðskiptaskulda . . . . .	3.410.657
Aukning (minnkun) ógr. skatta . . . . .	(6.587)
	<hr/>
Breytingar á veltufjárreikningi . . . . .	(8.703.074)
Lækkun á handbæru fé . . . . .	(93.461.218)
Handbært fé í ársbyrjun . . . . .	218.281.030
	<hr/>
Handbært fé í árslok . . . . .	124.819.812
	<hr/>

**Áritun ríkisendurskoðunar**

Ársreikning Jöfnunarsjóðs sveitarfélaga fyrir árið 1993 hefur stofnunin endurskoðað. Ársreikningurinn samanstendur af rekstrarreikningi, efnahagsreikningi, sjóðstreymi og skýringum nr. 1.-12. Endurskoðað var í samræmi við góða endurskoðunarvenju og voru í því sambandi gerðar þær kannanir á bókhaldi sem taldar voru nauðsynlegar.

Það er álit Ríkisendurskoðunar að ársreikningurinn sé gerður í samræmi við lög, reglur og góða reikningsskilavenju og gefi glögga mynd af rekstri sjóðsins á árinu 1993, efnahag í lok þess árs og breytingu á handbæru fé á árinu 1993.

*Ríkisendurskoðun, 13. júní 1994.*

**Sigurður Þórðarson.**  
**Sveinn Arason.**

**Staðfesting ársreiknings**

Félagsmálaráðherra og formaður ráðgjafarnefndar Jöfnunarsjóðs sveitarfélaga staðfesta hér með ársreikning sjóðsins fyrir árið 1993.

*Reykjavík, 13. júní 1994.*

**Jóhanna Sigurðardóttir** félagsmálaráðherra.  
**Húnbogi Þorsteinsson** formaður ráðgjafarnefndar.